

Stjórnarfundur 4. nóv. Beðið til 20:15 þar til fundur var settur.

Mættir; Bjarni, Kristín, Ómar, Guðný, Sigurður.

-Þar sem mæting var dræm var ákveðið að hafa þetta léttan og óformlegan fund og farið var yfir nokkur mál.

-Bjarni hóf lestur sinna minnispunkta.

-Leiga til Fergusson félagsins er kr 15þ hvert skipti, þriðjudag 5. nóv fyrsta sinn og svo mánaðarlega í vetur. –

Ákveðið var að stjórnarmenn skyldu skiptast á að opna og loka fyrir þeim þar sem þetta er bara einu sinni í mánuði. –

-Björn Gíslason gaf klúbbnum gamla loftpressu til afnota á Esjumel.

-Bílahátíð Jóa Bach er fyrirhuguð á næsta ári. Hefur Jói áætlanir um að sameina alla bílklúbba í eitt stórt ball á Spot. Var honum tjáð að Fornbílaklúbburinn myndi taka þátt.

-Kjaftasagan um tollahækkun gamla bíla fór aftur á kreik, mikið ónæði vegna þess hjá Bjarna.

-Bjarni ræddi opnun Hlíðasmára eftir áramót og talaði um að starfsárið væri 4 tímabil. Sumarið væri aðal tíminn, og eðlilegt væri að við hefðum litla dagskrá að hausti því það þyrfi að hvíla þá sem að þessu koma. Ekki væri eðlilegt að við héldum uppi 12 mánaða skemmtiprógrammi. Eftir áramót verði þó að gefa í, opna alla miðvikudaga en hafa annan hvern miðvikudag veglegan með fyrirlesturum eða sambærilegu, og annað hvert yrði kaffi og rabbkvöld.

-Bjarni skýrði frá því að fundað hefði verið með Árbæjarsafni og þar værum við velkomin útaf fyrir sig, en "sporin úr Elliðadal hræði" í borgarkerfinu. Guðbrandur tók vel á móti okkur og ætlaði að kanna innan kerfisins hver hugur manna væri og óskaði eftir greinargerð frá okkur sem Ómar ætlar að gera.

-Trygginganefnd hefur verið stofnuð, Atli Vilhjálmsson og Kalli blikkari til. Þeirra hlutverk er að tengjast tryggingarfélögum og bjóða þeim okkar aðstoð við að uppræta misnotkun fornbiatrygginga.

-Bjarni nefndi að við verðum að skoða hver raunkostnaður við geymslunar er og endurskoða verðlista með tilliti til eðlilegrar ávöxstunnar.

-Posa Esjumel var skilað 25/10/19. Spurning að skila posa hlíðasmára ? Þetta þarf að ákveða á næsta félagsfund.

-Lyftari sem var á Esjumel og var talsvert bilaður fór á Brask og brall 26.10.2019. Var hann seldur í því ástandi sem hann var á 120.000.- 28.10.2019. Bjarni nefnir að þetta tæki var ekki skoðað og spyr hvort tryggingar þessa tækis hafi verið í lagi. Það hefði orðið klúbbnum dýrt ef td hefði verið ekið yfir fót einhvers. Ekki hafði hann verið skoðaður í amk 5 ár.

-Bjarni skýrði frá að ósk um Hleðslustöð hefði komið frá einum í Hlíðasmára. Var því svarað með nokkrum spurningum sem vonandi svæfa málið.

-Varahlutamarkaði Fornbílaklúbbsins var eytt á facebook, 46 manna hópur sem var gagnslaust.

-Tiltekt á Esjumel gengur vel, annar 20 rúmmetra pappagámur farinn, ca 10 tonn járn. Guðný spyr hvort allt sé ekki að verða búið en Sigurður segir að þarna sjá vart á magnið sé slíkt. Stjórn sammála um að herða lokanir á Esjumel í bílageymslur vegna uppákomu á facebook.

-Bjarni hefur verið beðinn um að halda léttann Fyrirlestur í Kivánis. Stjórn styður það.

-Stjórn sammála um að gömul blöð og pennar liggi frammi á opnum kvöldum til að losa þetta

-Stjórn sammála um að hafa félagsfund í lok nóv, með veitingum og kynna aðgerðir og áform stjórnar. Að loknum þessum upplestri var létt spjall þeirra sem mættu um hin og þessi mál tengd ofantöldu.

Fundi slitið kl 21:45